

Alþingi

Erindi nr. P 120/770

komudagur 2/2 1996

Umhverfisnefnd alþingis . 'Olafur Örn Hraðsson

Svar við bréfi dagsett 16 jan. 96 um verðun Geysissvæðis.

Að banna nýtingu á frárennsli hveranna er fáránleg vitleysa og ætti heldur að vera stolt okkar og metnaður að nýta þau gæði sem landið hefur upp á að bjóða.

Um samband jarðhitans í Helludal og Neðradal við Geysissvæði munu skoðanir jaðfræðinga skiptar og má ekki minna vera en ítarlegar rannsóknir fari fram áður en athafnafrelsi manna er skert á þeirra eigin jörðum. Þá er alkunna að náttúran breytir virkni jarðhitasvæða og mun friðlýsing ekki hindra það.

Við Gullfoss hindrar friðlýsing alla þjónustu við ferðamenn og þar með tekjumöguleika. Ætla ég að við Geysi munu þeir möguleikar best nýttir með sem mestu frjálsræði einstaklinga. Þá er og á það að líta að téðar hugmyndir munu kosta ríkið allmikið fé og væri gagnlegt fyrir alþingismenn að gera sér ljóst að ríkissjóður er ekki sú auðhumla sem alltaf er hægt að mjólka.

Gýgjarhólskoti II 31 jan 1996

Jón Karlsson

